

Nr. 22-002 S 001 Erling KE 140***Eldur í íbúðum***

Skipaskr.nr. 233
Útgerð: Saltver ehf.
Smiðaður: Noregur, 1964, stál.
Stærð: 366,53 BT.
Mesta lengd: 40,09 m *Skráð lengd:* 36,95 m
Breidd: 7,20 m *Dýpt:* 6,05 m
Vél: Deutz, 735 kW, 1982.
Fjöldi skipverja: 0



Erling©Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA
Lögregluskýrsla

Lokaskýrsla 4.apríl afgreidd 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. janúar 2022 var Erling KE 140 við landfestar í Njarðvíkurhöfn.

Þegar skipverjar mættu til skips að morgni 2. janúar var brunaviðvörðunarkerfið í gangi og í ljós kom að eldur hafði komið upp í setustofu áhafnar. Miklar skemmdir voru á henni eftir eldinn og sótt út um allar íbúðir. Íbúðirnar höfðu verið lokaðar og eldurinn að líkindum kafnað sökum súrefnisskorts. Innanstokksbúnaður orðinn kaldur.



Mynd 1 Setustofan þar sem eldsupptökin voru

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Eldsupptök voru í setstofu skipverja undir borði sem var í afturhorni bakborðsmegin.
- Undir borðinu var AIS staðsetningarbúnaður fyrir netabaujur í hleðslu, rafmagnsdrifinn flugnabani var festur upp fyrir ofan borðið og útvarptæki var á hillu þar fyrir ofan. Allur þessi búnaður hafði verið í sambandi við rafmagn.
- Fjórir skipverjar voru við vinnu við skipið milli jóla og nýárs að undirbúa það til veiða og höfðu yfirgefið skipið síðdegis fimmtudaginn 30. desember.
- Skipið hafði ekki verið á veiðum síðan í apríl 2021, en hefja átti netaveiðar í byrjun janúar 2022.
- Allar hurðir inn í íbúðir voru læstar þannig að engin vísbending var um að eldurinn hefði kviknað með sagnæmum hætti.
- Netabaujurnar voru settar í hleðslu á miðviku- eða fimmtudeginum.
- AIS staðsetningarbúnaðurinn var af gerðinni ONWA model: KS-33NT og höfðu síðast verið í hleðslu í apríl.
- Staðsetningarbúnaðurinn var tengdur í tvö fjöltengi sem voru með on/off rofum. Rofarnir voru notaðir til að ræsa og slökkva á hleðslunni.
- Tíu hleðslutæði fyrir tækin voru til staðar undir borðinu og staðsetningartækin voru í þeim öllum en ekki lá fyrir hvað mörg þeirra voru í sambandi við fjöltengin.
- Á hverju tæki var hleðslutæki (*sjá mynd 2*) sem var merkt AC/DC Input:100–240V 50/60Hz Output:13,2V-1000mA.



Mynd 2 ONWA netabauju staðsetningarbúnaður með hleðslutæki

Nefndarálit:

Eldsupptök voru í /eða við hleðslu AIS staðsetningarbúnaðar í afturhorni setustofunnar.

Sérstök ábending:

Nefndin telur að til að auka öryggi skipverja eigi ekki að vera með búnað sem tilheyrir veiðifærum í hleðslu inn í vistaverum.

